



Notendaleiðbeiningar
fyrir ValiWallet




ValiWallet er app sem gerir þér kleift
að geyma kortin þín í snjallsíma og
borga með þeim snertilaust gegnum
tæki með InstaPos.




Sláðu inn farsímanúmerið þitt á línuna á miðju skjánum til að hefja nýskráningaferlið.

Best er að nota símanúmer símans sem þú vilt hafa appið í.

Hér getur þú einnig skipt um tungumál með því að ýta á "English" fyrir ensku eða "Íslenska" fyrir íslensku.




Hér slærðu inn 6 tölustafa auðkennisnúmer sem verður sent til þín með sms-i og verður haldið áfram í næsta skref nýskráningarinnar.




Sláðu inn fjögurra tölustafa leylinúmer sem þú munt svo nota til að opna appið.


Ef lyklaborðið kemur ekki upp getur þú ýtt á takkann neðst á skjánum til að fá það upp.



Eftir að þú ert búin/nn að skrifa leylinúmerið þitt þarftu að staðfesta það með leylinúmerinu sem þú valdir þér.



Hér getur þú sett inn mynd af þér, nafn og netfang þitt. Einnig er líka hægt að sleppa þessu alfarið og halda áfram á næstu síðu.





Þetta er veskið þitt. Það er tómt eins og er en þú getur bætt við nýju korti með því að ýta á stóra kassann með plús merkinu.

Héðan kemstu einnig í stillingarnar með því að ýta á litla talnahjólið efst vinstra megin.

75% 13:18

<

Gefðu kortinu þínu heiti

 Skanna kort
  Nota NFC

1234 - 1234 - 1234 - 1234

Sláðu inn kortanúmer

MM/YY 123


Gildistími CVV

Áfram

Á þessari síðu bætir þú við nýju korti.

Þú getur byrjað á því að gefa kortinu heiti t.d. "Námukort".

Svo gefst þér þrír kostir til að stimpla inn kortaupplýsingarnar, skanna kort með myndavél, nota NFC til að sækja upplýsingarnar eða handstimpla inn allar upplýsingarnar.




Þessi síða birtist þegar þú vilt nota NFC til að sækja upplýsingarnar. Ef kortið þitt styður snertalausá greiðslumöguleika leggðu það að aftan við símann. Ef það tekst verður þú tekinn á fyrri síðu með uppfylltar upplýsingar.



Þetta er veskið þitt með einu korti. Til að bæta við fleirum kortum getur þú smellt á litla plús merkið efst til hægri.

Ef þú ert með fleiri kort getur þú skoðað þau öll með því að flétta kortunum til hliðar.

Til að borga þarftu aðeins að vera á kortinu sem þú vilt nota og leggja símann að InstaPos tæki.




Til að breyta eða eyða kortum getur þú ýtt á kortið sem þú vilt breyta eða eyða og þá birtast tveir nýjir takkar neðst á skjánum.

Til að breyta korti ýttu á pennann.

Til að eyða korti ýttu á ruslafötuna.



Hér getur þú breytt heiti korts, sæti þess í röðinni í veskinu og lit.




Þegar þú ýtir á ruslatunnuna birtist lítill gluggi sem biður um staðfestingu um að þú viljir örugglega eyða kortinu.

75% 13:17

<

Persónuupplýsingar



Nafn

Netfang

6937961

Tungumálstillingar

English

Öryggisstillingar

Breyta leylinúmer >

Fingraskanni

Nota fingraskanna til auðkenningar í stað leylinúmers

Biðtími skjálæsingar 0 mínútur

Bið tími frá því að appi er lokað þar til það læsist

ÚTSKRÁ


Eftir að þú ýtir á talnahjólið finnur þú allar stillingar sem eru í boði í appinu.

Fyrst sérðu persónustillingar þar sem þú getur bætt eða breytt mynd, nafn og netfang. Ekki er hægt að breyta um símanúmer, aðeins er hægt að sjá hvaða símanúmer er skráð í appið.

Einnig er hægt að skipta um tungumál með því að ýta á “English” fyrir ensku og “Íslenska” fyrir íslensku.



Í öryggisstillingum getur þú breytt um leylinúmer, ráðið hvort þú viljir nota fingraskanna til auðkenningar eða ekki, og stillt biðtíma skjálæsingar sem er tíminn sem appið gefur þér til að opna og loka án auðkenningar.

Neðst á síðunni er svo hægt að útskrá sig. Eftir útskráningu þarftu að auðkenna þig aftur með SMS-i þegar þú vilt nota appið næst.



Þegar þú breytir leylinúmerinu þínu ferðu á síðu sem lítur út eins og fyrsta myndin hér að ofan. Sláðu inn núverandi leylinúmer og þá birtast fjórir nýjir punktar. Sláðu inn nýtt fjögurra tölustafa leylinúmer. Þá birtast nýjir punktar og þá getur þú staðfest nýja leylinúmerið með því að slá það inn aftur.

Ef lyklaborðið kemur ekki upp sjálfkrafa getur þú ýtt litla myndina af lyklaborðinu neðst á síðunni til að fá lyklaborðið upp.



Ef þú lokar appinu án þess að útskrá þig og vilt nota appið aftur verður þú að auðkenna þig annað hvort með leylinúmeri eða fingraskanna.

ValiWallet

Hefur þú týnt símanum þínum?
Eru kortin þín í ValiWallet appinu?

Það er allt í lagi! Hér getur þú eytt öllum kortunum þínum úr appinu. Stimplaðu inn símanúmerið þitt og leylinúmerið sem þú notar fyrir ValiWallet og smelltu á "Eyða kortum"

Ef þú vilt eyða öllum kortum þínum úr appinu og ert ekki með símann þinn getur þú gert það á vefsíðu okkar www.valiwallet.azurewebsites.net

Þar slærðu inn símanúmerið sem er skráð í appinu þínu og leylinúmerið þitt. Það eyðir öllum kortum fyrir þig sama hvar síminn þinn.